

Skipulagsstofnun
Sigmar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 23. júlí 2008
Tilvísun: UST20080600140/sf

Vegur úr Eysteinsdal að Snæfellsjökli og lagfæring tengingar yfir á Jökulhálsveg - frekari umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst með tölvupósti þann 15. júlí sl. þar sem óskað er frekari umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd í ljósi svara framkvæmdaraðila við umsögn Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun barst einnig með tölvupósti frá Línuhönnun þann 22. júlí sl. ritgerð um M.S. verkefni Bjarna Reyrs Kristjánssonar sem fjallar um gerð vatnafarskorts og vatnafar á utanverðu Snæfellsnesi, sem og um vatnsefnafræði sama svæðis.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við svör framkvæmdaraðila.

Verklag

Í svörum framkvæmdaraðila kemur m.a. fram að fyrirhugaðir vegir verði í vegflokki F-1. Einnig kemur fram að fyrirhugaður vegur og vegstæði hafi verið grófstikað en nákvæm staðsetning vegarins innan vegsvæðisins verði ákveðin þegar að verkinu kemur og verði það gert undir eftirliti þjóðgarðsvarðar og fulltrúa Umhverfisstofnunar. Í svörum framkvæmdaraðila segir jafnframt að útilokað sé að reikna út áætlaða efnisþörf þar sem endanleg útfærsla við lagningu vegslóðans verði ákveðin af fulltrúum þjóðgarðsins og Umhverfisstofnunar í samstarfi við verktakann. Efni verði tekið úr þeim hólum sem standa upp úr á veglínunni.

Umhverfisstofnun telur almennt nauðsynlegt þegar metin eru umhverfisáhrif vegaf framkvæmda að fyrir liggi upplýsingar um staðsetningu vegarins sem og upplýsingar um efnistökuastaði og magn efnis sem þarf í veginn. Stofnunin telur þó með hliðsjón af gerð vegarins og aðstæðum á framkvæmdasvæðinu, sem er lítt gróið land og hulið jökulruðningi og vikri, að ekki séu líkur á að vegagerðin hafi í för með sér umtalsverð á áhrif á náttúrufar og landslag, svo fremi að vel verði staðið að framkvæmdunum og verkið unnið í samvinnu við þjóðgarðsvörð.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að stofnuninni berist upplýsingar um nákvæma legu vega og efnistökuastaða þegar búið er að stíka veglínuna áður en framkvæmdir hefjast.

Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, sbr. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og reglugerð nr. 568/2001 um þjóðgarðinn Snæfellsjökul.

Vatnsvernd

Í fyrri umsögn Umhverfisstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar kom fram að stofnunin teldi að sýna yrði fram á að fyrirhugaðar vegaf framkvæmdir og umferð um svæðið hefðu ekki í för með sér hættu á mengun vatnsbóla og leggja fram upplýsingar um grunnvatnsstrauma (vatnafarskort). Í svörum Línuhönnunar f.h. framkvæmdaraðila koma fram upplýsingar um hvers konar tæki líklegt er að verði notuð við vegaf framkvæmdina ásamt þeim kröfum sem gerðar verða til að koma í veg fyrir mengunarhættu. Einnig kemur fram í svörum framkvæmdaraðila að vegtenging að jökli liggja að mestu utan vatnsverndarsvæðisins og einungis síðustu 150 m að jökli komi inn á vatnsverndarsvæðið. Vísað er til þess að samkvæmt bréfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands frá 25. júní 2008 til Skipulagsstofnunar verða gerðar kröfur um að olíur og spilliefni verði ekki geymd á svæðinu á framkvæmdatíma, en heilbrigðiseftirlitið geri ekki kröfu um að framkvæmdin verði matsskyld.


Samkvæmt þeim upplýsingum sem fram koma í fyrrgreindri ritgerð Bjarna Reyrs Kristjánssonar eru jarðlög á utanverðu Snæfellsnesi mjög lek. Í ritgerðinni segir m.a.: „Vatnafar undir Jökli og þar í grennd ræðst mest af mikilli úrkomu sem fellur á ungar og lekar jarðmyndanir sem aftur hvíla á þéttari grunni hins tertíera bergs. Regnvatn sígur fljótt í jörðu og skilar sér með grunnvatnsstraumum til lindasvæða en hluti þess streymir neðanjarðar allt til sjávar.“ Grunnvatnsrennsli endurspeglast því af úrkomumynstri á svæðinu. Umhverfisstofnun telur ljóst að vegna lektar jarðlaga er hætta á grunnvatnsmengun mikil ef mengunarslys verður. Stofnunin telur því að ef lagður verður nýr vegur að Snæfellsjökli sé nauðsynlegt að koma upp merkingum þar sem vegfarendum er bent á að vegurinn liggja um viðkvæmt vatnsverndarsvæði. Jafnframt telur Umhverfisstofnun að hinda verði og leggja bann við öllum olíuflutningum um veginn.


Umhverfisstofnun ítrekar fyrri ábendingar þess efnis að í 2. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, ásamt síðari breytingum, kemur fram að við gerð starfsleyfis fyrir vatnsveitu eða við ákvörðun um framkvæmdir á vatnsverndarsvæði skal umsækjandi starfsleyfis leggja fram mat um hvort hætta sé á að vatnsbólið spillist vegna nálægrar starfsemi eða umferðar. Við matið skal, eftir því sem við á, taka mið af vatnafræðilegum, jarðfræðilegum og landfræðilegum aðstæðum á vatnasviði vatnsbólsins, líklegum uppsprettum mengunar, mengunarálagi og mikilvægi vatnsbólsins.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur ekki líkur á að framkvæmdirnar hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér en ítrekar framangreindar athugasemdir.

Virðingarfyllst


Sigríós Friðriksdóttir
fagstjóri


Kristín Linda Arnadóttir
forstjóri